

Hafnarfirði, 4. júlí 2016

Í ljósi þeirra brýnu verkefna sem blasa við í húsnæðismálum hafa Hafnarfjarðarkaupstaður, kt. 590169-7579, Strandgötu 6, 220 Hafnarfirði og Alþýðusamband Íslands, kt. 420169-6209, Guðrúnartúni 1, 105 Reykjavík f.h. óstofnaðrar húsnæðissjálfsseignarstofnunar ákveðið að taka höndum saman um að hefja uppbyggingu 150 leiguíbúða í Hafnarfirði. Verkefnið verður unnið á grundvelli laga nr. 52/2016 um almennar íbúðir.

Að uppbyggingunni verður unnið í samræmi við samþykktir ASÍ í húsnæðismálum, samþykktir almenna íbúðafélagsins og áherslur Hafnarfjarðarkaupstaðar í húsnæðismálum. Hafnarfjarðarkaupstaður vinnur nú að húsnæðisstefnu fyrir bæinn og skal einnig unnið í samræmi við hana þegar hún liggur fyrir.

Viljayfirlýsing um samstarf um uppbyggingu leiguíbúða í Hafnarfirði

Viljayfirlýsingin tekur til;

- Að Alþýðusamband Íslands vinni að stofnun og fjármögnun húsnæðissjálfsseignarstofnunar til að hefja uppbyggingu 150 leiguíbúða fyrir fjölskyldur og einstaklinga í Hafnarfirði á næstu fjórum árum, en félagið mun starfa á landsvísu.
- Að Hafnarfjarðarkaupstaður gefi vilyrði um úthlutun á lóðum til að reisa leiguíbúðir til fyrirhugaðs íbúðafélags á vegum Alþýðusambands Íslands.
- Hafnarfjarðarkaupstaður stefnir að því að úthlutað verði lóðum fyrir uppbyggingu 150 almennra íbúða (leiguíbúða) á grundvelli laga frá Alþingi sem fela í sér stofnframlag Hafnarfjarðarkaupstaðar til uppbyggingarinnar, í samræmi við ákvæði laga nr. 52/2016 um almennar íbúðir .
 - árið 2016 verði úthlutað lóðum fyrir 32 íbúðir
 - árið 2017 verði úthlutað lóðum fyrir 28 íbúðir
 - árið 2018 verði úthlutað lóðum fyrir 45 íbúðir
 - árið 2019 verði úthlutað lóðum fyrir 45 íbúðir

Hluti þessara íbúða getur risið sem hluti af verkefnum við þéttingu byggðar. Fyrirvari er hafður um fjölda íbúða og hraða úthlutana. Varðar þetta annars vegar ef ekki fást stofnframlög til verkefnanna, en endanleg veiting stofnframlaga er háð samþykkt umsókna um stofnframlög, annars vegar af hálfu Hafnarfjarðarkaupstaðar og hins vegar íbúðalánasjóðs, skv. ákvæðum laga nr. 52/2016 um almennar íbúðir og reglum þar um.



HAFNARFJÖRÐUR

Alþýðusamband Íslands



Hins vegar varðar þetta að Hafnarfjarðarkaupstaður nái að skipuleggja lóðir fyrir þessar íbúðir.

- Við uppbygginguna skal horfa til atriða eins og félagslegrar blöndunar, yfirbragðs, íbúalýðræðis og hönnunar og skal það útfært nánar í samvinnu aðila. Jafnframt skal huga að félagslegri blöndun í tengslum við hvert verkefni, enda mun Hafnarfjarðarkaupstaður ekki sækja um stofnframlög af sinni hálfu eða stofnana þess á gildistíma þessarar yfirlýsingar. Hafnarfjarðarkaupstaður getur hins vegar samið við aðra aðila um slíkt.
- Hafnarfjarðarkaupstaður gerir það að skilyrði fyrir veitingu stofnframlaga til verkefnisins að fjölskylduþjónusta Hafnarfjarðar hafi að jafnaði ráðstöfunarrétt að 25% íbúða í sérstöku samkomulagi sem aðilar munu gera um hvert verkefni.
- Fjölskylduþjónusta Hafnarfjarðar ábyrgist leigugreiðslur gagnvart þeim félagsíbúðum, sem hún úthlutar. Ef rétti viðkomandi fjölskyldu/einstaklings til þjónustu fjölskylduþjónustunnar lýkur og viðkomandi fjölskylda/einstaklingur er áfram innan tekju- og eignamarka húsnæðissjálfsseignarstofnunarinnar verður henni/honum tryggður áframhaldandi búseturéttur með samningi beint við húsnæðissjálfsseignarstofnunina. Fjölskylduþjónustan öðlast þá rétt til þess að úthluta annarri sambærilegri félagsíbúð þess í stað.
- Alþýðusamband Íslands eða húsnæðissjálfsseignarstofnun á vegum þess og Hafnarfjarðarkaupstaður skipi sameiginlega verkefnisstjórn til að vinna að framgangi verkefnisins.
- Að samstarfið byggi á grundvelli væntanlegra laga um almennar íbúðir.

1. gr.

Uppbygging í Hafnarfirði

Hafnarfjarðarkaupstaður áformar að setja sérstakar reglur um byggingu íbúða í Hafnarfirði á grundvelli laga um almennar íbúðir.

Hafnarfjarðarkaupstaður lýsir yfir vilja sínum til að úthluta eftirtöldum lóðum til uppbyggingarinnar árið 2016, skv. nánara samkomulagi:

- Hraunskarð 2-4-6-8. Samkvæmt auglýstri tillögu að deiliskipulagi er heimilt að reisa á lóðinni 22 íbúðir.
- Hádegisskarð 4-6. Samkvæmt auglýstri tillögu að deiliskipulagi er heimilt að reisa á lóðinni 10 íbúðir.



HAFNARFJÖRÐUR

Alþýðusamband Íslands



Ákvæði um fyrirkomulag húsa, skipulag, útlit, frágang lóða og umhverfis, uppbyggingarhraða o.fl. verða í væntanlegum deiliskipulagsáætlunum og/eða úthlutunarbréfum.

2. gr.

Greiðslur fyrir byggingarrétt

Greiðslur fyrir byggingarrétt á framangreindum lóðum eru ákvarðaðar í reglum sem Hafnarfjarðarkaupstaður mun setja um íbúðir sem falla munu undir lög um almennar íbúðir og nánara samkomulagi. Greiða skal lóðaverð sem ekki er hærra en það sem almennt gerist. Stofnframlag sveitarfélaga skv. væntanlegum lögum er 12% af stofnvirði. Stofnframlag Hafnarfjarðarkaupstaðar getur verið í formi byggingaréttargjalds þar sem horft verði til þessara 150 íbúða að jafnaði, en gatnagerðargjöld greiðist þess utan. Byggingarleyfis-, tengigjöld o.fl. greiðist skv. gjaldskrá.

Greiðslufyrirkomulag verður eftir reglum Hafnarfjarðarkaupstaðar og nánara samkomulagi, þar sem tekið verður tillit til þarfa húsnaðissjálfsseignarstofnunarinnar í upphafsfasa m.t.t. sjóðstreymis.

3. gr.

Um skipan verkefnistjórnar

Aðilar lýsa yfir vilja sínum til að skipa sérstaka verkefnistjórn með þremur fulltrúum frá Alþýðusambandi Íslands og/eða almenna íbúðafélaginu og þremur fulltrúum frá Hafnarfjarðarkaupstað.

4. gr.

Afturköllun yfirlýsingar þessarar

Forsenda fyrir þeirri uppbyggingu sem viljayfirlýsing þessi fjallar um er að Alþýðusamband Íslands stofni húsnaðissjálfsseignarstofnun

Hafnarfirði, 4. júlí, 2016

F.h. Alþýðusambands Íslands:

F.h. Hafnarfjarðarkaupstaðar

Gylfi Arnbjörnsson

Haraldur L. Haraldsson

Vitundarvottar:

